

Sterkur Stöðvarfjörður

Ársskýrsla 2025

Valborg Ösp Árnadóttir Warén



Efnisyfirlit

Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum	2
Inngangur	3
Verkefnisstjórn.....	4
Verkefnið.....	5
Meginmarkmið og starfsmarkmið Sterks Stöðvarfjarðar – Stöðumat.....	5
Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi	6
Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag	8
Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf.....	10
Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir	13
Styrkir 2025	16
Staða styrktra verkefna frá 2024	18
Styrkt verkefni frá 2023	19
Styrkt verkefni frá 2022	20
Stöðvarfjörður í fréttum	20
Hugleiðingar verkefnisstjóra	22



Stöðvarfjörður Pride var haldið á Steinasafni Petru.


Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Markmiðið með Brothættum byggðum er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðalögum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, viðkomandi sveitarfélags, brottflutta íbúa og aðra. Undirmerkið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsöröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Inngangur

Stöðvarfjörður hóf þátttöku sína í byggðarpróunarverkefninu Brothættar byggðir í mars 2022. Verkefnið var sett af stað með íbúáþingi þar sem forgangsmál samfélagsins voru greind og framtíðarsýn mótuð. Í framhaldi voru fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn kosnir og markmið skilgreind á grundvelli kosningar og umræðu íbúa.



Forgangsröðun íbúáþings.

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum samstarfsaðila um verkefnið, það er Fjarðabyggð, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), Austurbrú, Byggðastofnun og íbúum Stöðvarfjarðar

Í verkefnisstjórn Sterks Stöðvarfjarðar sitja eftirtaldir aðilar:

- **Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri Austurbrúar**
- **Bjarni Stefán Vilhjálmsson, fulltrúi íbúa**
- **Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa**
- **Helga Harðardóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun**
- **Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun**
- **Haraldur L. Haraldsson, fulltrúi Fjarðabyggðar**
- **Stefán Þór Eysteinnsson, fulltrúi Fjarðabyggðar**

Verkefnisstjóri er Valborg Ösp Árnadóttir Warén

Breytingar urðu í verkefnisstjórn Sterks Stöðvarfjarðar árið 2025.

Ásdís Helga Bjarnadóttir lét af störfum hjá Austurbrú og í hennar stað kom Bryndís Fiona Ford.

Verkefnisstjórn fundaði tíu sinnum í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams á árinu, auk þess að halda tvo fjarfundi í tengslum við úthlutanir úr Framkvæðissjóði verkefnisins. Öll stjórnin hittist á Stöðvarfirði þann 4. september í tengslum við íbúafund sem var haldinn sama dag. Fyrir þann fund fékk hluti verkefnisstjórnar kynningu á nokkrum styrktum verkefnum. Skiltasýningin á gamla hafnarbakkanum um stöðfirska báta og skip var skoðuð, breytingar á Sköpunarmiðstöðinni, kíkt á minjagripinn sem Rósa Valtingojer fékk styrk til að hanna og að lokum var smakkað nitrokaffi sem Kaffibrennslan Kvörn er að hanna og þróa.

Verkefnisstjóri, ásamt fulltrúum íbúa í verkefnisstjórn hafa haldið nokkra minni íbúafundi um afmörkuð málefni. Strax í byrjun janúar var boðið í kaffi og spjall til þess að skerpa á áherslum verkefnisins í byrjun árs. Í vor héldu Íbúasamtök Stöðvarfjarðar fund um málefni staðarins.

Verkefnið

Sterkur Stöðvarfjörður byggir á verkefnislýsingu sem unnin hefur verið á vegum Byggdastofnunar fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Eins og áður hefur komið fram, þá er meginmarkmið verkefnisins að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðalögum landsins. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættari byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnisáætlun og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Verkefni sem sett eru fram eru afrakstur íbúapings, vinnu verkefnisstjórnar og niðurstöðu íbúafundar. Meginmarkmið Sterks Stöðvarfjarðar eru fjögur ásamt starfsmarkmiðum sem eru vel skilgreind, með skýran tímaramma og ábyrgðaraðila.

Meginmarkmið og starfsmarkmið Sterks Stöðvarfjarðar – Stöðumat

Markmið Sterks Stöðvarfjarðar eru sett fram í fjórum meginmarkmiðum ásamt framtíðarsýn til 2025, sem hljóðar svo:

Stöðvarfjörður iðar af mannlífi og íbúar á öllum aldri eru virkir þátttakendur í samfélaginu. Atvinnulíf er öflugt og störfum hefur fjölgað, hvort sem það eru störf í bænum eða óstaðbundin störf. Íbúum hefur fjölgað og Stöðvarfjörður er þekktur sem fjölskylduvænt og gott samfélag sem tekur vel á móti nýbúum. Stöðvarfjörður hefur byggst upp sem eftirsóttur ferðamannastaður og menningar- og nýsköpunarbær og í þorpinu er næg gisting og þjónusta ásamt fjölbreyttum möguleikum til afþreyingar. Balinn er orðinn að skjólgóðu og notalegu útivistarsvæði fyrir fjölskyldur. Svæðið er gróið og fallegt og þar er nýr leikvöllur með leiktækjum og afþreyingu fyrir allan aldur. Miðbærinn hefur byggst upp og hefur fallega og snyrtilega ásýnd. Húsin í þorpinu eru falleg og þeim er vel við haldið. Það liggur góður og breiður vegur inn í fjörðinn og út í þorp.

Verkefnisáætlun¹ er einnig tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og eru viðeigandi heimsmarkmið skilgreind við hvert meginmarkmið.

Meginmarkmiðin fjögur eru:

- Fyrirmyndar umhverfi
- Samheldið samfélag
- Öflugt atvinnulíf
- Sterkir innviðir

Starfsmarkmið þessara meginmarkmiða eru samtals 44 og eru fjölbreytt og ná til allra þátta samfélagsins.

Á búafundi sem haldinn var í ágúst 2024, ákváðu íbúar Stöðvarfjarðar að bæta við starfsmarkmiði (sjá starfsmarkmið 1.13) en mikil óánægja er með opnunartíma á gámasvæðinu sem er opið einu sinni í viku um miðjan dag, þegar flestir íbúar eru við vinnu. Á sama fundi var ákveðið að hætta við tvö markmið (sjá starfsmarkmið 1.7 og 2.8). eru því starfsmarkmiðin samtals 43. Hér fyrir neðan eru starfsmarkmið hvers meginmarkmiðs og staða þeirra skilgreind. Sú skilgreining byggir á huglægu mati verkefnisstjóra.

¹ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Stodvarfjordur/sterkur-stodvarfjordur-markmid-og-framtidarsyn.pdf



Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
1.1 Farið verði í hugmynda- vinnu með virku samstarfi íbúa og sveitarfélags um nýtingu á Balanum.						Lokið	Vor 2023
1.2 Uppbygging hafin á Balanum og fyrstu áföngum lokið 2023.							Lok árs 2023
1.3 Átak í gerð göngu – og hjólástíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúna haustið 2025.						Lokið	Haust 2025
1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni.							Lok árs 2023
1.5 Árlegir hreinsunardagar. Úrbóttaganga.						Lokið '23, '24, '25	
1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hafa á Stöðvarfirði.						Lokið	Vor 2023
1.7 Kannaður verður grundvöllur fyrir því að haldið verði áfram með verkefnið Skúlpúraslóð.						Aflagt á íbúafundi 2024	Sumar 2023
1.8 Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir.							Vor 2024
1.9 Greining gerð á hundasvæði.						Lokið	Lok árs 2023
1.10 Göngustígum á Stöðvarfirði og í grennd við þorpið verði viðhaldið og vinna kláruð við endurbætur eftir því sem við á.						Lokið	Lok árs 2024
1.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar.						Lokið	Lok árs 2024
1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði.						Lokið	Lok árs 2023
1.13 Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva vegna endurvinnslu verða endurskoðaðar.							Lok árs 2024

1.1 Hugmyndavinna um nýtingu á Balanum: Búið er að teikna svæðið eftir hugmyndavinnu íbúa.

1.2 Uppbygging á Balanum hafin og fyrsta áfanga lokið í lok árs 2023: Svæðið var sett í aðalskipulag Fjarðabyggðar í ár. Skemmtifélag Stöðvarfjarðar fékk styrk bæði frá Sterkum Stöðvarfirði og Samfélagssjóði Alcoa til kaupa á aparóla sem verður sett upp á vormánuðum 2026.

1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025: Þrír göngustígar voru lagðir sumarið 2023 og sumarið 2024 var göngustígurinn í átt að Byrgisnesi lengdur. Sumar 2025 var göngustígur lagður frá gömlu kirkjunni og niður á Balann.

1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni: Íbúasamtök Stöðvarfjarðar fengu styrk frá Frumkvæðissjóði 2023 til þess að hefja undirbúning að rafrænu göngukorti um Stöðvarfjörð. Byrjað hefur verið að safna hnitum.

1.5 Árlegir hreinsunardagar: Árlegt stafsmarkmið. Vel heppnaður hreinsunardagur var haldin 17. maí.

1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hafa á Stöðvarfirði: Kallað var eftir hugmyndum frá íbúum varðandi þetta starfsmarkmið og komu margar áhugaverðar fram. Aðstaða fyrir íbúa og gesti hefur verið bætt með styrk á kaupum á bekkjum og borðum, göngustígar lagðir til að tengja saman svæði á Stöðvarfirði. Með starfsemi í gamla kaupfélagshúsinu mun miðbær Stöðvarfjarðar styrkjast enn frekar.

1.8 Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir: Ungmennafélagið Súlan fékk styrk úr Frumkvæðissjóðnum árið 2024 til að koma upp útilíkamsræktar tækjum.

1.9 Greining á hundasvæði Stöðvarfjarðar: Leyfi var fengið hjá Fjarðabyggð um uppbyggingu á svæðinu eftir greiningavinnu sem nokkrir íbúar unnu. Styrkur var veittur til að koma upp hundasvæði og sú vinna mun byrja á vormánuðum 2026.

1.10 Göngustígum viðhaldið: Í sumar var malbikuð gangstéttin við Fjarðarbraut sem er mikil gleðitíðindi enda lögðu íbúar mikla áherslu á að farið yrði í það verkefni þar sem það er mikið öryggisatriði.

1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði fyrir lok árs 2023: Íbúar hafa tekið þetta starfsmarkmið aftur upp og eru að vinna í því að kaupa varmadælur til uppsetningar. Í vor var haldin kynningarfundur á vegum Eygló East þar sem farið var yfir styrkja umhverfi, kosti varmadælna og fleira.

1.13 Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva vegna endurvinnslu verða endurskoðaðar: Verkefnisstjóri sendi inn greinargerð til Fjarðabyggðar vegna óánægju íbúa Stöðvarfjarðar með opnunartíma móttökustöðvar bæjarins. Í lok árs var tilkynnt um óbreyttan opnunartíma sem eru mikil vonbrigði.

Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga.						Lokið	Lok árs 2022
2.2 Kanna grundvöll fyrir leigu-miðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun.						Lokið	Vor 2023
2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalarheimili og minni raðhúsum							Lok árs 2023
2.4 Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta						lokið	Lok árs 2024
2.5 Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni.						Lokið	Sumar 2023
2.6 Kannaður verði grundvöllur fyrir lækun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar.							Lok árs 2023
2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaáætlunar (A9).						lokið	Haust 2022
2.8 Aðstaða við Ölduna verði bætt.						Aflagt á íbúafundi '24	Lok árs 2024
2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf.						Boðið verður upp á árlega	Haust 2022
2.10 Í samstarfi við stjórn Ungmennafélagsins Súlunnar verði leitað leiða til þess að efla íþróttastarf félagsins.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
2.11 Kortlagning á þörfum íbúa fyrir afþreyingu og félagsstarf og hvernig hægt er að mæta þeim.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022

2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga: Facebook hópur er til, og hafa brottfluttir Stöðfirðingar sótt um styrki í frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar fyrir verkefnum á Stöðvarfirði.

2.2 Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun: Aflað var upplýsinga varðandi eigendur húsnæðis sem ekki er í heilsársnotkun og kannaður áhugi á þessu markmiði. Í ljós kom að eigendur höfðu ekki áhuga á að stofna eiginlegt félag eða leigumiðlun.

2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalarheimili og minni raðhúsum fyrir lok árs 2023: Fjarðabyggð hefur verið að afla gagna og um þetta tiltekna starfsmarkmið fyrir sveitarfélagið í heild.

2.4 Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta: Fjarðabyggð er með í skoðun að breyta reglum um afslátt vegna gatnagerðargjalda svo að jaðarbyggðir sveitarfélagsins fái hærri afslátt. Er þessi breyting gerð í von um að byggt verði meira á svæðum þar sem eftirspurn eftir lóðum er minni.

2.5 Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni: Sumarið 2025 var opnunartími sundlaugarinnar lengdur þannig að það opnaði fyrr á morgnanna.

2.6 Kannaður verði grundvöllur fyrir lækun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar: Eýgló east er að skoða rekstur sundlauga Austurlands með það að markmiði að lækka rekstrarkostnað þeirra.

2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaáætlunar (A9): Verslunin Krónan bíður upp á heimsendingu á matvörum til íbúa Stöðvarfjarðar sem hafa tekið vel í þessa þjónustu. Veittur var styrkur úr A9 til verslunar á Stöðvarfirði nú í lok árs.

2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf: Verkefnisstjóri auglýsir reglulega þessa þjónustu Austurbrúar ásamt því að fulltrúi frá fræðsluviði Austurbrúar hélt kynningarfund fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla Stöðvarfjarðar.

2.10 Efla íþróttastarf Súlunnar: Árleg endurskoðun hjá stjórn Súlunnar.

2.11 Afþreying og félagsstarf íbúa: Fyrirtækið í Friði og ró hefur haldið nokkur jóga námskeið. Það eru haldin spilakvöld vikulega í húsnæði eldri borgara. Skemmtifélag Stöðvarfjarðar hefur verið að bjóða upp á bíósýningar í Sköpunarmiðstöðinni, ásamt sápukúlufjöri á Balanum.



Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
3.1 Komið á opinberu starfi á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi.						Lokið	Lok árs 2023
3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsóknna á Austurlandi, staðsettri á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.5 Styrkja stöðu Stöðvarfjarðar sem safnabæjar og tekið verði upp samstarf við Safnastjórn Fjarðabyggðar um eflingu safnastarfs og fjölgun tengdra starfa á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.6 Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði.						Lokið	Lok árs 2023
3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknnum.						Lokið	Lok árs 2023
3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu.						Lokið	Lok árs 2023

3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunar-verkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda.						Lokið	Lok árs 2024
3.11 Kannaður verði möguleiki á samningi um sértækt Aflamark Bygðastofnunar.						Lokið	Lok árs 2024

3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2024:

Á efri hæð Sköpunarmiðstöðvarinnar er búið að taka frá rými þar sem eiga að koma skrifstofur og fundaraðstaða fyrir einstaklinga sem vinna í fjarvinnu. SSA sendi inn umsókn fyrir óstaðbundin störf í byggðaaætlun C1. Styrkur var ekki veittur.

3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi fyrir smáframleiðendur: Verið er að vinna í því að standsetja rými í Sköpunarmiðstöðinni.

3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi: Ekki er komið á formlegt samtal um kjarna þessa starfsmarkmiðs en með auknum sýnileika verður auðveldara að hefja það samtal en árið hefur verið nýtt í að vekja athygli á fornleifa uppgreftinum inn á Stöð.

3.6 Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði: Áhugahópur um fornleifar á Stöðvarfirði fengu styrk úr Frumkvæðissjóði til þess að færa langeld og nytjaholu frá Stöð og inn í þorp. Búið er að smíða veglegt hús yfir minjarnar sem verður vonandi til þess að vekja áhuga gesta á fornleifunum inn á Stöð.

3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2023: Í tengslum við þarfagreiningu og skipulag á iðnaðareldhúsinu, var fenginn hönnuður til að teikna upp merki eldhússins, sem heitir Fræ Sköpunareldhús. Það á þó eftir að hefja það samtal hvort að framleiðendur muni nota það til þess að merkja sínar vörur.

3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknum: Það eru reglulega opin hús í Sköpunarmiðstöðinni og haldnir viðburðir þar sem íbúum er boðið.

3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu fyrir lok árs 2023: Ný rými í Sköpunarmiðstöðinni hafa opnað enn meira á þennan möguleika.

3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda fyrir lok árs 2024: Fyrirtækið *Brauðdagar* er komið í vottað framleiðslurými. Aðstaðan hjá Kaffibrennslunni Kvörn er orðin fyrsta flokks. Enn er verið að vinna í koma upp þjónustumiðstöð fiskeldis í gömlu bræðslunni. Tréverkstæðið Stöðfirska Byggingarfélagið hefur nóg að gera. Naglafræðingur er með starfsemi heima hjá sér og boðið er upp á orkupunkta meðferðir, námskeið og jólgagöngur hjá Friði og ró.

3.11 Kannaður verði möguleiki á samningi um sértækt Aflamark Byggðastofnunar: Ekki í boði eins og þar sem Sértækt Aflamark var úthlutað til næstu sex ára árið 2024.



Fornleifafélagið hefur verið að setja upp þetta skammtilega verkefni en hér verður hægt að skoða fornminjar sem hafa fundist inn á Stöð.



Það var líf og fjör á bæjarhátíðinni Stoð í Stöð.



Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðabjónustu á Stöðvarfirði. Skoða sérstaklega gæði þjónustu og afþreyingar-möguleika.						Lokið	Sumar 2023
4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar.							Lok árs 2025
4.3 Farið verði í greiningarvinnu á núverandi leiðakerfi almenningsgangna svo að þær verði styrktar enn frekar.						Lokið	Lok árs 2022
4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði.						Lokið	Mitt ár 2024
4.5 Útfæra og setja upp upplýsingaskilti víðsvegar um bæinn. Að minnsta kosti þrjú ný skilti verði komin upp.							Sumar 2023
4.6 Skoðaður möguleiki þess að koma á fót „fjölnotahúsi“.							Lok árs 2023
4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur.							Lok árs 2023
4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði.						Lokið	Lok árs 2023
4.9 Teknar verði í notkun fimm nýjar íbúðir á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
4.10 Skoðað verði að koma á fót iðngörðum og/eða skrifstofukjarna.							Lok árs 2024

4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðabjónustu á Stöðvarfirði: Greinargerð kláruð 2024 og er aðgengileg inn á heimasíðu Austurbrúar².

² <https://austurbru.is/brothaettar-byggdir/>

4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar fyrir lok árs 2025: Sveitarstjórn sem og aðrir kjörnir fulltrúar Fjarðabyggðar hafa verið að þrýsta á að framkvæmdum á Suðurfjarðavegi verði flýtt á samgönguáætlun. Þingfólk kjördæmisins hefur einnig lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis.

4.3 Greining á núverandi kerfi almenningsamgangna: Starfsmarkmið klárað 2022 með minnisblaði varðandi hugmyndir og ábendingar frá íbúum Stöðvarfjarðar.

4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði fyrir mitt ár 2024: Í sumar var klárað að tengja öll íbúðarhúsnæði við ljósleiðara, íbúum að kostnaðarlausu.

4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur fyrir lok árs 2023: Þessi vinna er lítillega hafin. Verkefnisstjóri mun kanna áhuga meðal íbúa betur á nýju ári.

4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði fyrir árslok 2023: Greinargerð var tekin saman um þá möguleika sem eru til staðar til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis. Í vor kláraði Fjarðabyggð að deiliskipuleggja sex nýjar lóðir í Heiðmörk.

4.10 Skoðað verði að koma á fót iðngörðum og/eða skrifstofukjarna fyrir árslok 2024: Verkefnisstjóri mun eiga fund með framkvæmdastjóra Sköpunarmiðstöðvarinnar þar sem kortlagt verður betur nýtingu á húsnæðinu og möguleika til útleigu undir ýmiskonar starfsemi. Markmið tengist einnig starfsmarkmiði 3.2.

Af 43 skilgreindum starfsmarkmiðum Sterks Stöðvarfjarðar er staðan í lok árs 2025 eftirfarandi:

- **27 markmið lokið**
- **12 markmið í vinnslu**
- **4 markmið ekki hafin**
- **2 markmið aflögð eða endurskoðuð**

Þessi staða bendir til þess að markmiðasetning verkefnisins hafi verið raunhæf, forgangsröðuð og að framkvæmd hafi haldist í takti við áætlanir. Tvö markmið voru aflögð eða endurskoðuð í samráði við íbúa og endurspeglar að verkefnisáætlun er lifandi plagg sem tekur breytingum ef við á.



Tiny church á Stöðvarfirði við sólarupprás



Veður var gott þegar hinn árlegi hreinsunardagur var haldinn.

Styrkir 2025

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar 6. janúar og var opið skyldi fyrir umsóknir til 6. febrúar. Ofsaveður gekk yfir Stöðvarfjörð þann 5. Febrúar og olli miklum skemmdum á staðnum. Ákveðið var að framlengja umsóknarfrest til og með 10. Febrúar.

Alls bárust 15 umsóknir og heildarkostnaður verkefna var um 25,7 milljónir en heildar upphæð umsókna var um 15 milljónir. Í þetta sinn voru 11.400.000 til úthlutunar.

15 verkefni fengu styrk úr sjóðnum en öll verkefni eiga það sameiginlegt að eiga sterkan hljómgrunn í verkefnisáætlun Sterks Stöðvarfjarðar sem og að styðja vel við framtíðarsýn verkefnisins. Úthlutunarathöfn fór fram þann 12. mars í gamla Samkomuhúsi Stöðvarfjarðar.

Yfirlit styrkja 2025

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð
Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Stoð í Stöð	650.000
Kaffibrennslan Kvörn	Tækjakaup og þróun	1.400.000
Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Aparóla	1.350.000
Félag áhugafólks um fornl.ranns. á Stö	Flutningur á eldstæði og nytjaholu.	900.000
Björn Hafþór Guðmundsson	Tónleikar 2025	350.000
Fræ Sköpunareldhús	Kaffihúsaeyning	1.900.000
Hlynur Ármannsson	Saga Stöðvarfjarðar	650.000
Sólmundur Friðrikson og fleiri	Stöðfirskir bátar og skip	600.000
Kimi Tayler	Kynslóðir koma saman	300.000
Kimi Tayler	Brauðdagar Deighús	1.450.000
Lukasz Stencel	Bogfímifélag Stöðvarfjarðar	685.000
Eva Jörgensen og Kimi Tayler	Stöðvarfjörður Pride	115.000
Eygló east	Empowering Stöðvarfjörður with sustainable Energy solution	300.000
Solveig Friðriksdóttir	Heilsueflandi dagar á Stöðvarfirði	400.000
Le Temple	Heat pump installation at Tiny church	350.000
Silja Lind Þrastardóttir	Hundasvæði	400.000
	Samtals upphæð styrkja:	11.400.000

Þess má geta að fyrirtæki og félagshópar á Stöðvarfirði hafa einnig sótt í aðra sjóði og fengið úthlutað:

Umsækjandi	Verkefni	Sjóður	Upphæð
Sköpunarmiðstöðin	Rekstrarstyrkur	Uppbyggingarsjóður Austurlands	2.500.000
Brauðdagur Deighús	Markaðssetning og pop-up	Uppbyggingarsjóður Austurlands	1.100.000
Stöðfirska ehf	Fljótandi gufa á Stöðvarfirði - 1. áfangi	Uppbyggingarsjóður Austurlands	1.000.000
Dr. Bjarni Einarsson	Víkingar á vesturleið	Uppbyggingarsjóður Austurlands	800.000
Stöðfirska verzlunarfélagið ehf	Verslun á Stöðvarfirði	A9	2.000.000
Íbúasamtök Stöðvarfjarðar	Bæjarhátíðin Stoð í Stöð	Ýmsir sjóðir	



Styrkhafar við úthlutun úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar 2025

Staða styrktra verkefna frá 2024

Þriðja úthlutun úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar fór fram í mars 2024.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð	Staða verkefnis
Kaffibrennslan Kvörn	Heimasíða, sala á netinu	650.000	Lokið
Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	700.000	Lokið
Atomic Analog	3D Fræsari	500.000	Lokið
Steðjistf ehf.	Tækjakaup	450.000	Lokið
Rósa Valtingoer	Keramík og kaffi	800.000	Styrk skilað
Ungmennafélagið Súlan	Útilíkamsrækt	300.000	Í vinnslu
Óstofnað félag um ferðapjónustu	Ferðamannauppbygging á Stöðvarfirði	300.000	Í vinnslu
Lukasz Stencil	Innrömmun og forvarsla Austurlands	850.000	Lokið
Landatangi ehf.	Brunaveggur	350.000	Lokið
HJ ehf.	Kaffihús	750.000	Lokið
Kimi Taylor/Brauðdagar deighús	Brauðdagar	900.000	Lokið
Guðmundur A. Hreinsson	Stodvarfjordur.is	400.000	Í vinnslu
Rósa Valtingoer	Minjagripur	650.000	Lokið
Solveig Friðriksdóttir	Heilsueflandi dagar á Stöðvarfirði	400.000	Lokið
Sköpunarmiðstöðin	Framkvæmdir Fræ Sköpunareldhús	1.650.000	Í vinnslu
Hlynur Ármannsson	Saga Stöðvarfjarðar	500.000	Lokið
Sólmundur Friðriksson	Stöðfirskir bátar og skip	800.000	Lokið
Sköpunarmiðstöðin	Office space 2.floor	400,000	Styrk skilað
	Samtals upphæð styrkja:	11.350.000	

Styrkt verkefni frá 2023

Önnur úthlutun úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar fór fram í febrúar 2023.

Yfirlit styrkja:

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð	Staða verkefnis
Hlynur Ármannsson	Örnefnaskráning Stöðvarfjarðar	500.000	Lokið
Golfklúbbur Stöðvarfjarðar	Golfhermir á Stöðvarfirði	500.000	Styrk skilað
Kaffibrennslan Kvörn	Kaffibrennslan Kvörn - tækjabúnaður	750.000	Lokið
Goðaborg ehf.	Iðnaðarreykhús á Stöðvarfirði	1.000.000	Styrk skilað
Goðaborg ehf.	Hráefnis-og afurðarkælin í fiskvinnslu	600.000	Styrk skilað
Guðmundur A. Hreinsson	Stodvarfjordur.is	300.000	Lokið
Jóhannes Hafsteinsson & Leopold Figved	Stöðvagninn – matarvagn.	350.000	Styrk skilað
Stuðfirðingur ehf	Bingo, pool og pílu aðstaða	200.000	Lokið
Sólmundur Friðriksson	Stöðfirskir bátar og skip – skilti	50.000	Lokið
HJ ehf	Uppbygging sviðs á Söxu	200.000	Lokið
HJ ehf	Tónleikaröð á Söxu	250.000	Lokið
Þórhallur I. Atlason	Pönkgarðurinn	200.000	Lokið
Fasteignafélagið Tudor ehf	Verslunin Brekkan	750.000	Styrk skilað
Áhugahópur um fornleifarannsóknir	Fornleifauppgröftur á Stöð og efling samfélagsvitundar um rannsóknir þar	400.000	Lokið
Kimi Tayler	Jokes and Gestures: comedy for youth and social engagement: Equipments for media	200.000	Lokið
Íbúasamtök Stöðvarfjarðar	Rafrænt göngukort á Stöðvarfirði, undirbúningur	300.000	lokið
Ásthildur Ákadóttir	Máfurinn tónlistarsmiðja	650.000	lokið
	Samtals upphæð styrkja	7.200.000	

Styrkt verkefni frá 2022

Verkefni er fengu styrk úr fyrstu úthlutun Frumkvæðissjóðs Sterks Stöðvarfjarðar árið 2022.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð	Staða verkefnis
Kaffibrennslan Kvörn	Kaffibrennslan Kvörn	1.500.000	Lokið
Sköpunarmiðstöðin	Hönnun á matvælaeiningu, Kaffibar	1.200.000	Lokið
Guðmundur A. Hreinsson	Heimasíðan stodvarfjordur.is	600.000	Lokið
Atomic Analog production	Machines & tools for Atomic Analog production	550.000	Lokið
Sköpunarmiðstöðin	Endurbætur á verkstæðum	550.000	Lokið
Íbúasamtök Stöðvarfjarðar	Göngustígur með sjávarsíðunni	400.000	Lokið
Póra Björk Nikulásdóttir	Iðnaðareldhús (undirbúningur)	400.000	Lokið
Ástrós ehf.	Fiskibolluframleiðsla	350.000	Lokið
Solveig Friðriksdóttir	Slökunarpúðinn Friður & ró	350.000	Lokið
Ungmennafélagið Súlan	Gólfefni í líkamsræktarsal	350.000	Lokið
Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Tónleikar á bæjarhátíðinni Stöð í Stöð	350.000	Lokið
Solveig Friðriksdóttir	Viðskiptaáætlun v/heilsueflandi námskeiða.	200.000	Styrk skilað
Landatangi ehf	Orkusparnaður	200.000	Lokið
	Samtals upphæð styrkja:	7.000.000	

Stöðvarfjörður í fréttum

Hér eru hlekkir á nokkrar fréttir og umfjallanir um Stöðvarfjörð.

<https://austurfrett.is/lifid/adhkomututtur-faera-fjoer-i-stoedhvarfjoerdh>

<https://austurfrett.is/lifid/gaefugripur-til-verndar-a-lifshafinu>

<https://austurfrett.is/lifid/mer-finnst-adh-folk-thurfi-adh-heyra-meira-um-stoedhvarfjoerdh>

https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-02-06-tugmilljona-foktjon-efir-ovedrid-a-stodvarfirdi-435524?fbclid=IwY2xjawlULoJleHRuA2FlbQlxMQABHUDs_fDO5yilf7BtM2jbbLocQhw5JihJ7jdiqValcUSVmVtb9G3QjAocag_aem_5EaOg209TZ_rPwXsSocKjg

<https://austurfrett.is/frettir/enginn-vafi-a-adh-frumkvaedhisstyrkir-hafi-haft-hvetjandi-ahrif-a-stoedhvarfirdhi>

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-07-07-steinskifur-a-stodvarfirdi-gaetu-tengst-verslun-a-vikingaold-447842>

<https://grapevine.is/travel/2025/06/12/population-182-plus-thousands-of-rocks/>



Ofsaveður gekk yfir Stöðvarfjörð í febrúar byrjun og olli miklu tjóni.



Sköpunarmiðstöðin varð 4. Menningarmiðstöð Austurlands. Hér er samningur undirritaður við hátíðlega athöfn í Sköpunarmiðstöðinni.

Hugleiðingar verkefnisstjóra

Starfsárið markaðist af því að verkefnið fékk viðbótarár. Sú ákvörðun skapar mikilvægt svigrúm til að fylgja eftir þeim verkefnum sem þegar eru farin af stað og styrkir áframhaldandi uppbyggingu.

Á árinu voru tekin markviss skref í að treysta innviði byggðarlagsins. Styrkur til verslunar var veittur sem mun opna á vormánuðum en verslunarleysi síðustu ára hefur hvílt þungt á íbúum.

Stöðfirska byggingarfélagið hefur stimplað sig inn sem virkur þátttakandi í uppbyggingu og aldrei verið meira að gera. Uppbygging á Balanum heldur áfram. Á vormánuðum verða ný leiktæki sett upp á svæðinu. Skemmtifélag Stöðvarfjarðar fékk til þess styrk og stóð jafnframt fyrir ýmsum skemmtunum fyrir íbúa og gesti.

Það gladdi íbúa Stöðvarfjarðar þegar skipt var um eigendur á gamla kaupfélagshúsinu og ráðist var í gagnngerar endurbætur á húsnæðinu. Vonir standa til að húsnæðið muni gegna mikilvægu hlutverki fyrir íbúa Stöðvarfjarðar sem og gesti staðarins.

Brauðdagar deighús byrjaði að selja brauð og bakkelsi nú í haust og bíður upp á heimsendingu um allt Austurland. Viðskiptahópurinn stækkar hratt og mikið að gera hjá eigendum. Kaffibrennslan Kvörn styrkir stöðu sína með gæðum og markvissri uppbyggingu og er orðið sýnilegur þáttur í staðbundinni verðmætasköpun.


Bæjarhátíðin Stoð í Stoð var sú stærsta og fjölmennasta frá upphafi. Það endurspeglar aukna þátttöku og sterkan félagsauð í samfélaginu.

Stór áfangi náðist þegar Sköpunarmiðstöðin varð fjórða menningarmiðstöð Austurlands. Sú viðurkenning staðfestir faglegt og markvisst starf. Að auki hlaut miðstöðin Eyrarrósina, sem undirstrikar mikilvægi hennar á landsvísu.


Íbúar hafa nýtt þau tækifæri sem skapast hafa með þátttöku í verkefninu. Það sést í fjölda og fjölbreytni umsókna í frumkvæðissjóðinn, aukinni virkni í umræðu um þróun staðarins og skýrum vilja til að taka þátt í mótun framtíðar.

Áskoranir eru áfram til staðar, en grunnurinn er sterkari en áður. Uppbygging er sannarlega hafin, frumkvæði eykst og þátttaka íbúa er sýnileg. Það gefur raunhæfa ástæðu til bjartsýni á komandi ári.

Stöðvarfirði, febrúar 2026



Myndir eru teknar af verkefnisstjóra við hina ýmsu viðburði á Stöðvarfirði 2025. Fleiri myndir eru á facebook síðu verkefnisins, facebook.com/sterkur_stodvarfjordur. Hægt er að fylgjast með lífinu á

 [sterkur_stodvarfjordur/](https://instagram.com/sterkur_stodvarfjordur/)

Stöðvarfirði:  [SterkurStodvarfjordur](https://facebook.com/SterkurStodvarfjordur)